



## STJÓRN SSH 437. fundur

Mánudaginn 2. desember 2016, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.  
Forföll: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Nýr stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

### **1. Kynning á DMP verkefninu, stefnumarkandi uppbygging ferðamannastaða**

Á fundinn mættu undir þessum dagskrárlið Áshildur Bragadóttir frá Höfuðborgarstofu og Anna Katrín Einarisdóttir frá Stjórnstöð ferðamál og kynntu verkefnið, tilurð þess og tilgang sem og verkáætlun vegna yfirstandandi vinnu.

Umræður

#### **Niðurstaða:**

Stjórn SSH telur eðlilegt að Áshildur Bragadóttir verði tengiliður SSH við verkefnið.

### **2. GERT verkefnið – tengsl grunnskóla og atvinnulífs vegna eflingar verkmenntunar /málsnr. 1606005**

Á fundinn mættu undir þessum dagskrárlið Almar Guðmundsson og Ingibjörg Stefánsdóttir frá Samtökum iðnaðarins og kynntu verkefnið og beiðni um að SSH komi að verkefninu með 2 m. króna fjárframlag til að styrkja stöðu verkefnisstjóra. Bent var á í þessu sambandi að myndun tengsla milli skóla og atvinnulífs er um margt flóknar á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu.

Umræður

#### **Niðurstaða:**

Stjórn er jákvæð fyrir fjárhagslegri aðkomu að verkefninu og felur framkvæmdastjóra að skoða möguleika á fjármögnun, m.a. með mögulegri nýtingu á framlagi til sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2017.



**3. Sameiginlegar reglur vegna skólaaksturs fatlaðra grunnskólanemenda /málsnr. 1501012**

Á fundinn mættu Reynir Kristinsson ráðgjafi, Jóhannes Svavar Rúnarsson og Erlendur Pálsson frá Strætó bs. og Hjalti Sigurðarson frá skólaskrifstofu Reykjavíkurborgar og gerðu grein fyrir tillögu að sameiginlegum reglum vegna skólaaksturs fatlaðra grunnskólabarna.

Umræður

**Niðurstaða:**

Afgreiðslu máls frestað til næsta stjórnarfundar.

**4. Málafni byggðasamlaganna /málsnr. 1501004**

Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

**a) Rekstrarúttekt byggðasamlaganna – lokaskil stýrihóps**

Fyrir fundinum lá skilablað stýrihóps rekstrarúttektar byggðasamlaganna sem skipaður var á stjórnarfundum SSH 10. nóvember 2014. Ennfremur voru kynntar sem trúnaðarmál samantektir Framsækni ehf. á greiningum, niðurstöðum og tillögum vegna úttektarinnar.

Umræður

**Niðurstaða.**

Samþykkt að fela formanni stýrihópsins, framkvæmdastjóra SSH og Ágústi Þorbjörnssyni að undirbúa sérstaka kynningu á niðurstöðum verkefnisins fyrir fulltrúum einstakra sveitarfélaga (framkvæmdastjórum sveitarfélaganna, formönnum bæjaráða/forsetum bæjarstjórna og fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga í stjórnnum byggðasamlaganna) sem fyrst.

**b) Eigendafundur SORPU bs.**

Fyrir liggur að stjórn SORPU bs. hefur óskað eftir því að haldinn verði formlegur eigendafundur byggðasamlagsins sem fyrst vegna ákvörðunar Kópavogsbæjar um fyrirkomulag við flokkun plasts.

**Niðurstaða.**

Ekki var talið tímabært að boða til formlegs eigendafundar fyrr en fyrir liggur svar SORPU bs. við erindi Kópavogsbæjar vegna málsins.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55